

eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. desember 2003, sbr. samþykkt um fráveitu í Bessastaðahreppi frá 16. febrúar 2003, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Bessastaðahreppi, 17. desember 2003.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar auglýsir hér með deiliskipulag fyrir íbúðar- og athafnasvæði í Reykárhverfi sbr. eftirfarandi:

a. Íbúðarbyggð sunnan Reykár.

Hluti opins svæðis er tekinn undir íbúðarbyggð fyrir 5 einbýlishús og leiksvæði fyrir börn. Hluti opins svæðis áfram óhreyfður.

b. Svæði umhverfis Laugarborg.

Á svæði norðan og vestan Laugarborgar er gert ráð fyrir 21 einbýlishúsi og tveimur 4ra íbúða fjölbýlishúsum. Svæði sunnan Laugarborgar er skýrgreint sem þjónustusvæði. Þá er gatnakerfi og vegtengingum breytt frá eldra deiliskipulagi þessa svæðis samþykktu af sveitarstjórn 14. september 1999. Það skipulag er fellt úr gildi.

c. Athafnasvæði.

Athafnasvæði verður austan þjóðveggar 821 meðfram landamerkjum Grísarár. Gert er ráð fyrir 4 lóðum fyrir léttan iðnað og aðra starfsemi, sem ekki fylgir mikið umfang eða mengun.

Deiliskipulag þetta, sem kynnt hefur verið með þeim hætti sem lög ákveða, var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 11. nóvember 2003 og öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 16. desember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.